

Ed.

612. Breytingartillögur

við frv. til laga um löggæzlu.

Frá Jóni Þorlákssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fyrirskipa, að í kaupstöðum og í kaup-
túnum, þar sem lögreglustjóri er húsettur, skuli vera einn starfandi lög-
regluþjónn á hverja fulla 600 íbúa, ef íbúatalan nemur fullum 1200 manns.

2. Við 2. gr.

- a. Fyrir „löggæzlumenn ríkisins“ í fyrstu málsgrein komi: ríkislögregla.
- b. Fyrir „löggæzlumenn“ í 2. og 3. málsgr. komi: lögreglumenn.

3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lögreglumenn ríkisins skulu, hvenær sem lögreglustjórar telja þess
þörf, aðstoða lögreglulið bæjanna til að halda uppi lögum og reglu, eftir
því sem við verður komið.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Þegar ráðherra telur nauðsynlegt, að lögreglulið sé aukið á einhverjum stað fram yfir það, sem segir í 1. gr., til þess að tryggja lög og reglu, getur hann bætt við varalögreglumönnum eftir þörfum. Skal það og venjulega gert, ef lögreglustjóri eða meiri hluti bæjarstjórnar sendir um það rökstudda beiðni.

Stjórn varalögregluliðs skal venjulega falin mönnum úr hinu fasta lögregluliði. Heimilt er að skipa lögreglustjóranum fulltrúa eða yfirlögregluþjón til þess að hafa á hendi yfirstjórn allrar lögreglunnar, þar sem varalögregla hefir verið stofnuð.

5. Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., þannig:

Það er borgaraleg skylda hverjum verkfærum karlmanni að gegna kvaðningu í varalögreglu, nema hann geti fært ástæður, sem ráðherra metur gildar. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni kvaðningu til varalögreglustarfs. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 100 til 1000 kr., nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Varalögreglumenn fá þóknun fyrir æfingar og kvaðningar.

Allur kostnaður við varalögreglu greiðist úr ríkissjóði.

6. Við 7. gr. (sem verður 8. gr.):

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Lögreglumenn ríkisins, hvort sem er o. s. frv.

7. Fyrirsögn frv. verði:

Frv. til laga um lögreglumenn.